

Borgarráð 30. nóvember 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um lækkun og niðurfellingu fasteignagjalda MSS23110172

Á vefsíðu borgarinnar kemur fram að Reykjavíkurborg sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignagjöld hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum. Þá veitir Reykjavíkurborg einnig afslátt af fráveitugjaldi sem greitt er til Orkuveitu Reykjavíkur. Miðað er við ákveðin tekjumörk. Þá kemur einnig fram að ekki þurfi að sækja sérstaklega um afslátt vegna þessara gjalda þar sem fjármála- og áhættustýringarsvið sjái um að framkvæma breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi eftir yfirferð á skattframtölum elli- og örorkulífeyrisþega. Þau sem eigi von á afslætti eða endurgreiðslu eigi að skrá bankaupplýsingar sínar. Spurt er út í það hvort að öll sem eigi rétt á þessum afslætti hafi fengið hann á síðustu árum og ef ekki hversu mörg hafi ekki fengið afsláttinn eða niðurfellingu gjalda? Spurt er út í það sem liðið er af þessu ári sem og síðustu tvö ár. Þá er einnig spurt út í það hvernig brugðist sé við ef að bankaupplýsingar liggja ekki fyrir hjá öllum þeim sem eiga rétt á lækkun eða niðurfellingu gjalda? Er borgin að leitast sérstaklega við að ná til þeirra og tilkynna þeim sérstaklega um að þau eigi rétt á afslætti? Hvernig er slíkt þá gert?